

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 2010 í máli nr. E-4202/2009:

Samson eignarhaldsfélag ehf.

(Ólafur Örn Svansson hrl.)

gegn

Arion banka hf.

(Andri Árnason hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 12. nóvember sl. er höfðað með stefnu birtri 26. mars 2009. Málið var upphaflega flutt 26. maí sl. en endurupptekið og flutt að nýju 12. nóvember sl. vegna þess að dómur varð ekki lagður á það innan lögmæltis frests vegna anna dómara.

Stefnandi er Þrotabú Samsonar eignarhaldsfélags ehf. Aðalstræti 6, Reykjavík.

Stefndi er Arion hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 520.669.019 krónur, auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. nóvember 2008 til greiðsludags.
2. Að rift verði með dómi veðsetningu þrotamanns, Samsonar eignarhaldsfélags ehf., á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, kt. 000000-0000, að nafnvirði 52.000.000 króna samkvæmt viðauka við handveðsyfirlýsingu nr. 0358-63-722, dags. 24. júní 2008.
3. Að rift verði með dómi ráðstöfun eigna búsins til handa stefnda sem felst í tölvupósti Sigþórs Sigmarssonar, dags. 6. október 2008, þar sem óskað er eftir að innstæða þrotamanns, Samsonar eignarhaldsfélagsins ehf., á peningamarkaðssjóðum félagsins hjá stefnda verði færð til lækkunar á skuldum þrotamanns við stefnda.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, gegn greiðslu á 127.669.019 krónum ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Pá krefst stefndi málskostnaðar en til vara að hann verði felldur niður.

MÁLSÁSTÆÐUR OG ÖNNUR ATVIK SEM STEFNANDI BER FYRIR SIG

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 12. nóvember 2008. Með bréfi skiptastjóra, dagsettu 20. nóvember 2008, til stefnda óskaði stefnandi eftir því að reikningum búsins hjá stefnda yrði lokað og innstæður þeirra lagðar inn á reikning stefnanda í Landsbankanum. Bréfinu var svarað samdægurs þar sem send voru yfirlit yfir bankareikningana þar sem fram kemur að innstæðan sundurliðaðist þannig:

- | | |
|---------------------------------------|-----------------|
| - innstæða á reikningi 0329-26-465763 | kr. 373.461.867 |
| - innstæða á reikningi 0329-26-486472 | kr. 129.872.557 |

Ekki hafi verið farið að fyrirmælum um að færa eignir stefnanda inn á reikning þrotabúsins í Landsbankanum sem ítrekuð hafi verið í tölvupósti til starfsmanns bankans í kjölfarið. Þar sem ekki hafi verið orðið við beiðninni þrátt fyrir ítrekanir hafi innheimtubríf verið sent stefnda, dagsett 15. desember 2008, þar sem m.a. hafi verið skorað á stefnda að greiða innstæðuna inn á bankareikning þrotabúsins.

Svar hafi borist með bréfi stefnda, dagsettu 20. janúar 2009. Þar sé á því byggt af hálfu stefnda að bankinn eigi tilkall til 479.238.704 króna af innstæðu þrotabúsins hjá bankanum. Fram komi í bréfi stefnda að nefndar innstæður eigi rót að rekja til innlausnar á peningamarkaðssjóðum í eigu þrotabúsins. Fyrirsvarmaður félagsins hafi nánar óskað eftir því með tölvupósti, dagsettum 6. október 2008, að 393.000.000 króna af innstæðunni yrði ráðstafað til að greiða inn á skuldir Samsonar við bankann þar sem verðmæti trygginga Samsonar vegna lántöku hafi verið komið niður í 124,6% af eftirstöðvum skuldbindinga félagsins við bankann en hafi ekki mátt fara niður fyrir 130% samkvæmt handveðslýsingu, dagsettri 21. desember 2005. Telji bankinn sig í ljósi framangreinds eiga rétt til 393.000.000 króna af innstæðu búsins.

Þá hafi stefndi talið sig auk þess eiga tilkall til 86.238.704 króna. Sú fjárhæð hafi verið arður af hlutabréfum í Landsbankanum sem settur hafi verið stefnda til tryggingar samkvæmt veðsamningi stefnda og stefnanda, dags. 21. desember 2005. Stefndi hefur fallið frá þessari kröfu sinni undir rekstri málsins. Í niðurlagi bréfsins segi orðrétt: „Með vísan til þess sem hér segir telur NKB ljóst að hann hafi heimild til að halda eftir kr. 479.238.704 auk vaxta, af innistæðum á reikningum þrotabús Samsonar í bankanum nr. 329-26-486472 og 329-26-465763. Eftirstöðvar eða kr. 41.430.315 munu greiddar til þrotabús Samson fallist félagið á ofangreinda málavexti“.

Stefnandi geti ekki fallist á að stefndi eigi tilkall til fjármuna inni á reikningum þrotabúsins hjá bankanum.

Samkvæmt handveðsyfirlýsingu, dags. 21. desember 2005, hafi Samson eignarhaldsfélag ehf., sett Kaupþingi banka hf., að handveði hlutabréf í Landsbanka

Íslands að nafnverði 239.000.000 króna og skyldi veðandlagið geymt á vörslureikningi Samsonar eignarhaldsfélags hjá bankanum nr. 465763. Með viðauka við handveðsyfirlýsinguna, dagsettum 24. júní 2008, hafi hlutabréfum í Landsbanka Íslands að nafnvirði kr. 52.000.000 verið aukið við handveðið.

Með lánsamningi milli Kaupþings banka hf. og Samsonar eignarhaldsfélags ehf., dagsettum 7. desember 2007, hafi bankinn lánað Samsoni eignarhaldsfélagi ehf., 4.261.370.139 krónur. Hafi bankanum verið heimilað að skuldfæra reikning nr. 0313-26-902 í bankanum fyrir greiðslum afborgana og vaxta. Samningurinn hafi hins vegar ekki veitt stefnda heimild til að skuldfæra aðra reikninga í eigu félagsins hjá bankanum. Um tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu var vísað til fyrrgreindrar handveðslýsingar auk þess sem Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson gengu í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu.

Af framansögðu sé ljóst að Kaupþing banki hf., (nú stefndi) hafi notið samningsbundinna veða í tilgreindum eignum Samsonar eignarhaldsfélags til tryggingar kröfu sinni samkvæmt lánasamningnum og hafi haft heimildir til að skuldfæra tilgreindan reikning í eigu félagsins. Stefndi hafi á hinn bóginn ekki haft neinn samning um handveðsrétt eða aðrar tryggingar í bankainnstæðum Samsonar. Njóti stefndi því engra veða í reikningum nr. 329-26-486472 og 329-26-465763. Þá hafi stefndi auk þess enga heimild samkvæmt samningi við þrotabúið til að færa fjármuni út af reikningum þess til greiðslu á ætluðum skuldbindingum Samsonar eignarhaldsfélags ehf. við bankann.

Stefndi virðist byggja á því að hann eigi tilkall til nefndrar peningafjárhæðar vegna veðsamninganna og vegna fyrirmæla í tölvupósti fyrirvarmanns Samsonar eignarhaldsfélags ehf., dagsettum 6. október 2008, um ráðstöfun fjármuna sem þá hafi verið geymdir í peningamarkaðssjóði. Stefnandi telji tölvupóst þennan enga þýðingu hafa um ætlað tilkall stefnda til hluta af innstæðu á nefndum reikningum. Ef stefnda hafi raunverulega verið veitt heimild til að ráðstafa hluta af fjármunum stefnanda til lækkunar á lánasamningi liggja fyrir að stefndi hafi ekki nýtt sér þá heimild. Komi það fram í bréfi stefnda, dagsettu 20. janúar 2008, auk þess sem stefndi lýsi kröfu í þrotabúið að fjárhæð 5.054.598.393 krónur. Sé ljóst af kröfulýsingunni að eignum búsins hafi ekki verið ráðstafað til lækkunar á láninu auk þess sem enginn áskilnaður sé gerður um slíka ráðstöfun. Nánar sé á því byggt af hálfu stefnanda að stefndi gæti í besta falli átt kröfu á hendur þrotabúinu sem nemi ætlaðri beiðni fyrirvarsmanns stefnda um ráðstöfun fjármuna af peningamarkaðsreikningi inn á umræddan lánasamning. Stefndi hafi hins vegar ekki lýst kröfu í búið vegna þeirrar kröfu heldur byggji hann kröfulýsingu sína aðeins á lánasamningnum. Krafa á þessum grundvelli sé því vanlýst enda kröfulýsingarfrestur liðinn. Stefndi geti þannig aldrei átt rétt á að ráðstafa fjármunum út af reikningi gjaldþrota félags til lækkunar á eldri skuld á kostnað annarra kröfuhafa þrotabúsins. Í þessu sambandi sé áréttað að stefndi hafi hvorki átt veð í peningamarkaðssjóðnum né bankareikningnum en af málatilbúnaði stefnda megi ætla að hann telji sig eiga einhvers konar ígildi handveðsréttar sem leiði af handveðsyfirlýsingunum og tölvupóstinum, dagsettum 6. október 2008. Þessu sé mótmælt.

Þá hafi það verið viðurkennt í kröfugerð stefnda að stefnandi eigi tilkall til 86.238.704 króna sem hann hafi talið arð af hlutabréfum í Landsbankanum sem sett hafi verið Kaupþingi banka að veði.

Hér beri til þess að líta að réttur stefnda til skuldajafnaðar kemur því aðeins til greina að um það hafi verið gerður sérstakur samningur við Samson eignarhaldsfélag ehf. Stefndi hafi hvorki notið veðréttar í innstæðum umræddra reikninga né annars konar heimildar samkvæmt samningi til að ráða yfir henni. Þá leiði hvorki af almennum reglum né 100. gr. laga 21/1991 að stefndi njóti rýmri réttar til skuldajafnaðar gagnvart stefnanda, en hann hafi notið fyrir upphaf gjaldþrotaskipta en því sé auk þess mótmælt að skilyrði skuldajafnaðar séu uppfyllt samkvæmt ákvæðinu. Stefndi hafi þannig enga lögmæta heimild til þess að taka innstæðurnar til sín með þeim hætti sem hann hafi boðað og beri honum því að standa stefnanda skil á þeim.

Þá er á því byggt að viðauki við handveðsyfirlýsingu nr. 0358-63-722, dags. 24. júní 2008, sé riftanlegur með vísan til 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, enda hafi veðsetningin átt sér stað innan sex mánaða frá frestdegi. Þá byggi stefnandi á því að framangreind ráðstöfun sé einnig riftanleg á grundvelli hinnar almennu riftunarreglu 141. gr. gjaldþrotalaga en á því sé byggt að stefnda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg með tilliti til aðstæðna. Sé þess krafist að veðsetningunni verði rift með dómi.

Ef svo ólíklega vilji til að litið verði svo á að stefndi geti ráðstafað innstæðu á bankareikningi stefnanda til sín á grundvelli tölvupósts Sigþórs Sigmarssonar, dagsetts 6. október 2008, til niðurgreiðslu skulda stefnanda við bankann, sé á því byggt að sú ráðstöfun sé riftanleg með vísan til 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Sé á því byggt að ráðstöfunin sé á ótilhlýðilegan hátt stefnda til hagsbóta á kostnað annarra enda félagið ógjaldfært sem stefndi hafi vitað eða mátt vita um þegar ráðstöfunin hafi átt sér stað. Með vísan til framangreinds sé á því byggt að ráðstöfuninni verði rift með dómi.

Fjárkrafa stefnanda byggi einkum á því að stefndi eigi ekkert tilkall til innstæðna á nefndum bankareikningum á grundvelli veðréttinda. Þá hafi stefndi auk þess enga heimild að lögum til skuldajafnaðar. Þegar af framangreindum ástæðum beri að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð. Hvað sem öðru líði sé jafnframt á því byggt að riftanlegar séu ætlaðar ráðstafanir sem stefndi byggi rétt sinn á eins og fyrr greinir. Fjárkrafa stefnanda byggi þannig enn fremur á 142. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt upplýsingum frá stefnda sé staðan á bankareikningum stefnda samtals 520.669.019 krónur. Miðar stefnandi fjárkröfu sína við þær upplýsingar en dráttarvaxta er krafist frá 20. nóvember 2008 eða frá þeim degi er krafist var greiðslu.

Kröfur stefnanda kveðst hann byggja á almennum reglum kröfuréttar og þeirri almennu reglu að lánastofunum sé ekki heimilt að nota kröfur sínar á hendur skuldurum til skuldajafnaðar við innstæður á bankareikningum. Þá vísar stefnandi til laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, einkum 10. kafla laganna.

Um vaxtakröfu stefnanda vísast til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafist er dráttarvaxta frá þeim degi er hinn ólögmæti skuldajöfnuður átti sér stað.

Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK STEFNDA

Krafa stefnda um sýknu af fjárkröfu stefnanda er byggð á því að Kaupþingi banka hf. hafi borist óafturkallanleg fyrirmæli frá Samsoni eignarhaldsfélagi ehf. hinn 6. október 2008 um að greiddar yrðu 393.000.000 króna inn á vexti af láni félagsins í framhaldi af beiðni bankans um að félagið greiddi inn á lán sitt eða legði fram frekari tryggingar. Stefndi byggir á að ekki hafi verið unnt að framkvæma fyrirmælin þar sem innlausn í Kaupþingi Peningamarkaðssjóði hafi verið stöðvuð sama dag. Stefndi byggir á því að í fyrirmælum Samsonar hafi falist framsal til Kaupþings banka hf. á hlutdeildarskírteinum félagsins í Kaupþingi Peningamarkaðssjóði sem svaraði til nefndrar fjárhæðar. Stefndi byggir rétt sinn til umræddra 393.000.000 króna á beinum

eignarrétti á grundvelli óafturkræfrar yfirlýsingar Samsonar eignarhaldsfélags ehf. þess efnis að nefnd eign yrði notuð til að greiða inn á lán félagsins hjá Kaupþingi banka hf. hinn 6. október 2008. Vegna þeirra atvika sem áttu sér stað á íslenskum fjármálamarkaði hafi hins vegar ekki reynst unnt að framkvæma fyrirmælin á umræddum degi í samræmi við beiðni félagsins og hafi fjárhæðin því verið lögð inn á vörslureikning félagsins hjá stefnda. Sé engu að síður um að ræða eign stefnda.

Við flutning málsins var fallist á að stefnandi fái greiddar þær 86.238.704 krónur sem stefndi kvað í greinargerð sinni til komnar vegna arðs sem Landsbanki Íslands hf. hafi greitt inn á vörslufjárreikning Samson eignarhaldsfélags ehf. á árinu 2006.

Stefndi byggir jafnframt á því að innstæður á vörslureikningum nr. 486472 og 465763 séu ekki innstæður á hefðbundnum innlánsreikningum sem standi viðskiptavinum til frjálsrar ráðstöfunar. Báðir vörslureikningarnir séu skráður á kennitölu stefnda, en ekki stefnanda, og séu honum því aðeins til ráðstöfunar að fenginni heimild bankans. Stefndi byggir jafnframt á því að í útreikningum Kaupþings banka hf. á samningsbundinni tryggingaþekju samkvæmt 6. gr. lánsamningsins og tryggingaskjölum hafi fjárhæðir samkvæmt hlutdeildarskírteinum í Kaupþingi Peningamarkaðssjóði verið sagðar handveðsettar. Samkvæmt þessu sé á því byggt að Samson eignarhaldsfélag ehf. hafi fengið umrædd gögn í hendur og samþykkt efni þeirra. Af þeim sökum njóti stefndi réttinda yfir þeim fjárumum sem lagðir hafi verið inn á vörslureikning samkvæmt sérstakri handveðsyfirlýsingu þeirri sem áður greinir ólíkt því sem um sé að tefla H 1992:1197 og 1998:1865, þar sem ekki var fyrir að fara samkomulagi um sérstök réttindi eða kröfu viðkomandi fjármálafyrirtækja gagnvart innstæðu þrotamanns. Hafi fyrrgreindir dómar sem stefnandi vitnar til í málatilbúnaði sínum því ekki þýðingu fyrir úrslit þessa máls.

Verði ekki fallist á að réttur stefnda sé nægjanlega skýr eða sérgreindur byggir stefndi allt að einu á því að skilyrði séu til að skuldajafna kröfum stefnda vegna réttinda til arðgreiðslna á móti innstæðum á vörslureikningi 465763, sbr. meðal annars 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o .fl.

Stefndi telur engu skipta þótt hann hafi lýst kröfu í stefnanda án þess að taka tillit til lækkunar umræddrar innborgunar enda mun stefndi lækka kröfulýsingu verði hann sýknaður af kröfu stefnda í máli þessu. Við meðferð málsins var lögð fram bókun af hálfu stefnda þar sem staðfest er að verði fallist á kröfu stefnda um sýknu

af greiðslu 393.000.000 króna af stefnufjárhæðinni miðað við 20. nóvember 2008 falli stefndi frá 370.000.000 króna af kröfu sinni á hendur stefnanda við skiptameðferð bús hans.

Stefndi mótmælir því að ráðstafanir Samson eignarhaldsfélags ehf. séu riftanlegar á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum sé fullnægt hvíli á stefnanda og stefnanda hafi ekki tekist sú sönnun. Hvað sem öðru líði byggji stefndi á því að skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Ekki sé um ótilhlýðilega ráðstöfun eða háttsemi að ræða. Í lánessamningi og handveðsyfirlýsingu sé mælt fyrir um ákveðna tryggingaþekju, þ.e. að veðandlagið eigi ætíð að tryggja ákveðið hlutfall miðað við skuld samkvæmt lánessamningnum. Handveðsyfirlýsingin sé frá árinu 2005 og lánessamningurinn frá árinu 2007, en andvirði láns samkvæmt þeim lánessamningi hafi verið nýtt til að greiða lán samkvæmt eldri lánessamningi frá árinu 2005. Umrætt lán og handveð eigi því uppruna sinn á árinu 2005 og ljóst að skilyrði lánveitingar stefnda til félagsins hafi frá upphafi verið að ákveðin lágmarkstryggingaþekja væri til staðar þannig að bankinn hefði heimild til að krefjast leiðréttingar á henni með því að kalla eftir viðbótartryggingum eða greiðslum inn á lánið ef skilyrði um lágmarkstryggingaþekju væru brotin. Samkvæmt því sé um að ræða greiðslu í samræmi við réttmæta kröfu stefnda um að tryggingarþekja samkvæmt lánessamningi og handveðsyfirlýsingu sé yfir ákveðnu marki. Með hliðsjón af þessu geti stefndi því ekki fallist á að um ótilhlýðilega ráðstöfun hafi verið að ræða. Hann hafi eingöngu verið að gæta að sammingsbundnu ákvæði. Þá mótmælir stefndi því að Samson eignarhaldsfélag ehf. hafi verið ógjaldfært þegar Kaupþing banki hf. hafi krafist greiðslu umræddra fjármuna. Stefndi byggji á því að á umræddum tíma hafi eignir félagsins sannanlega verið meiri en skuldir, hvernig svo sem mál hafi þróast síðar. Hvað sem öðru líði skorti það skilyrði að sá sem hag hafi af ráðstöfuninni hafi verið grandsamur um ógjaldfærni þrotamanns og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Stefndi mótmælir því sérstaklega að viðauki við handveðsyfirlýsingu, dags. 24. júní 2008, sé riftanlegur á grundvelli 137. gr. laganna. Ákvæðið sem um ræði hljóði svo: „Krefjast má riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi fékk á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar.“ Ekki verði fallist á það að veðmætin sem handveðsett hafi verið stefnda með viðauka við handveðsyfirlýsingu séu riftanleg. Eins og að framan greini hafi verið gerð krafa um ákveðna tryggingaþekju í þeim lánessamningi og handveðsyfirlýsingu sem að framan greini. Slík krafa um tryggingaþekju hafi verið skilyrði fyrir lánveitingu Kaupþings banka hf. Kjarni þess hvort ráðstöfunin sé riftanleg sé mat á því hvenær kröfuhafi fái tryggingarréttindi í skilningi ákvæðisins Vegna séreðlis verðbréfafjármögnunar og ákvæða í láns- og handveðssamningum um rétt til að kalla eftir auknum tryggingum hvenær sem er á lánstíma, við ákveðin skilyrði, byggji stefndi á því að miða verði hér við það tímamark þegar samningur sé gerður um að veð eða annar tryggingarréttur skuli vera fyrir skuld. Lánessamningurinn og handveðsyfirlýsingin sem um ræði hafi bæði verið gerð á árunum 2007 og 2005, og verði viðauka við handveðsyfirlýsinguna þess vegna ekki rift á grundvelli 137. gr. laganna.

Kröfur stefnda um sýknu eru reistar á almennum reglum fjármunaréttar, ákvæðum laga nr. 75/1997 um sammingsveð og ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum X. kafla laganna. Krafa um málskostnað er reist á

NIDURSTADA

Hinn 7. desember 2007 veitti Kaupþing banki hf. Samsoni eignarhaldsfélagi ehf. lán að fjárhæð 4.261.370.139 krónur Lán þetta var veitt til greiðslu á eldra láni félagsins hjá bankanum sem hafði verið veitt til kaupa á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. Í 1. mgr. 6. gr. lánsamningsins sem aðilar gerðu með sér er tekið fram að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar setji lántaki bankanum að handveði hluti í Landsbanka Íslands hf. að nafnverði 239.000.000 króna. Með handveðsyfirlýsingu, dagsettri 21. desember 2005 voru Kaupþingi banka hf. sett að handveði hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. að nafnverði 239.000.000 króna. Skyldi veðandlagið geymt á vörslureikningi veðsala hjá veðhafa nr. 465763. Tekið er fram að handveðsrétturinn taki til allra tekna og arðs af veðandlaginu sem falli til á gildistíma veðsetningarinnar. Færi markaðsverðmæti veðandlagsins niður fyrir 130% af eftirstöðvum þeirra skulda sem veðandlagið átti að tryggja skyldi veðsali greiða niður þær skuldir sem veðandlagið tryggði eða leggja fram nýjar tryggingar. Hinn 23. mars 2006 greiddi Landsbanki Íslands hf. arð sem nam 347.350.038 krónum inn á vörslureikning Samson eignarhaldsfélags ehf. hjá bankanum.

Markaðsverðmæti hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. náði hámarki sumarið 2007 en hóf að lækka frá þeim tíma. Í 3. mgr. 6. gr. lánsamningsins er ákvæði um að fari markaðsverðmæti trygginga samkvæmt 1. mgr. 6. gr. niður fyrir 130% hvenær sem er á lánstímanum skuli lántaki greiða niður lánið eða leggja fram nýjar tryggingar, svo markaðsverðmæti trygginga verði aftur a.m.k. 150% og jafnvægi náist þar með á milli skuldarinnar og verðmæti trygginga.

Með bréfi Kaupþings banka hf., dags. 12. júní 2008, krafðist bankinn þess að Samson eignarhaldsfélag ehf. legði fram viðbótartryggingar og/eða greiddi niður skuldbindingar sínar vegna lækkunar á verðmæti trygginga. Samson eignarhaldsfélag ehf. brást við kröfu bankans með því að setja bankanum að veði hluti í Landsbanka Íslands hf. að nafnverði 52.000.000 króna til viðbótar við þá hluti sem bankinn naut á þeim tíma veðréttar í. Þessu til staðfestingar undirritaði félagið sérstakan viðauka við handveðsyfirlýsinguna frá 21. desember 2005 hinn 24. júní 2008.

Markaðsverðmæti hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. hélt áfram að lækka haustið 2008. Af þessum sökum krafðist Kaupþing bank hf. þess með bréfi, dags. 2. október 2008, að Samson eignarhaldsfélag ehf. legði fram viðbótartryggingar og/eða greiddi niður skuldbindingar sínar.

Með tölvupósti frá Sigþóri Sigmarssyni starfsmanni Samsonar eignarhaldsfélags ehf. hinn 6. október 2008 var bankanum veitt heimild til að taka veð í 35.963.935 hlutum í Landsbanka Íslands hf. til viðbótar við þá hluti sem þegar voru veðsettir. Þá var mælt fyrir um að selja skyldi alla innstæðu félagsins í peningamarkaðssjóðum. Þá sagði að nota skyldi 370.000.000 króna til að greiða inn á vexti af láninu og 23.000.000 króna til þess að greiða yfirdráttarskuld.

Ákveðið var að stöðva innlausn í Kaupþingi Peningamarkaðssjóði hinn 6. október 2008. Er opnað var fyrir innlausn úr sjóðnum að nýju 31. október 2008 var andvirði innleysta hlutdeildarskírteina lagt inn á vörslureikninga félagsins hjá stefnda, annars vegar nr. 329-26-465763 og hins vegar nr. 329-26-486472.

Í fyrirmælum frá 6. október 2008 fólst framsal til Kaupþings banka hf. á hlutdeildarskírteinum félagsins í Peningamarkaðssjóði Kaupþings og enda þótt fyrirmælin hafi ekki verið framkvæmd samdægurs var fjárhæðin lögð inn á vörslureikning félagsins hjá stefnda. Samkvæmt d lið 3. gr. í almennum markaðsskilmálum fyrir verðbréfavíðskipti milli Kaupþings banka hf. og viðskiptavina bankans frá nóvember 2007 var Kaupþingi heimilt að sækja rétt eða eign sem stofnaðist vegna fjármálgerna á vörslureikningi, m.a. að innheimta afborganir, arð, verðbætur, vexti og jöfnunarhlutabréf. Þá segir í 4. gr. skilmálanna að samningar geti komist á skriflega, með símtali, símbréfi tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti sem bankinn hefur samþykkt. Samkvæmt skilmálum þessum er stefnda heimilt að taka til sín þær fjárhæðir sem stefndi ber fyrir sig að honum beri ekki að greiða stefnanda af umræddum reikningum.

Samkvæmt þessu lá fyrir að Kaupþing banki hf. hafði fengið fyrirmæli frá Samsoni ehf. um að bankinn skyldi ráðstafa samtals 393.000.000 króna til greiðslu á skuldum félagsins við bankann. Stefnandi hefur haldið því fram að stefndi geti ekki borið fyrirmæli þessi fyrir sig þar sem sú ráðstöfun sé riftanleg með vísan til 141. gr. laga um gjaldprotaskipti. Sé á því byggt að ráðstöfunin sé á ótilhlýðilegan hátt stefnda til hagsbóta á kostnað annarra enda félagið ógjaldfært sem stefndi hafi vitað eða mátti vita um þegar ráðstöfunin hafi átt sér stað. Hefur stefnandi enda krafist þess að ráðstöfuninni verði rift með dómi. Í lánsamningi aðila og handveðsyfirlýsingu Samsonar er mælt fyrir um ákveðna tryggingaþekju. Handveðsyfirlýsingin sé frá árinu 2005 og lánsamningurinn frá árinu 2007, en andvirði láns samkvæmt þeim lánsamningi hefur verið nýtt til að greiða lán samkvæmt eldri lánsamningi frá árinu 2005. Umrætt lán og handveð eiga því uppruna sinn á árinu 2005 og ljóst að skilyrði lánveitingar stefnda til félagsins hafi frá upphafi verið að ákveðin lágmarkstryggingaþekja væri til staðar þannig að bankinn hefði heimild til að krefjast leiðréttingar á henni með því að kalla eftir viðbótartryggingum eða greiðslum inn á lánið ef skilyrði um lágmarkstryggingaþekju væru brotin. Ekki verður fallist á það með stefnanda að um sé að ræða ótilhlýðilega ráðstöfun eða háttsemi. Þá er ekki sýnt fram á að Samson eignarhaldsfélag ehf. hafi verið ógjaldfært þegar Kaupþing banki hf. hafi krafist greiðslu umræddra fjármuna. Það skilyrði að sá sem hag hafi af ráðstöfuninni hafi verið grandsamur um ógjaldfærni þrotamanns og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg er heldur ekki uppfyllt.

Er það því niðurstaða málsins að stefnda hafi verið heimilt að byggja á því að fyrir lögju gild fyrirmæli frá Samsoni eignarhaldsfélagi ehf. til ráðstafana þeirra sem hann greip til og verður kröfu stefnanda um að umræddri ráðstöfun starfsmanns Samsonar hinn 6. október 2008 verði rift hafnað.

Stefnandi krefst þess að veðsetning á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. frá 24. júní 2008 verði ógilt. Veðsetning þessi var í framhaldi af lánsamningi aðila og í handveðssamningi frá árunum 2007 og 2005 í framhaldi af veðkalli bankans. Ekki verður fallist á það með stefnanda að ákvæði 137. gr. laga nr. 21/1991 taki til þessa

tilviks vegna sbr. og framanritað um tengsl við láNSSamning aðila. Verður stefndi því sýknaður af þessum kröfuflið stefnanda.

Að fenginni þeirri niðurstöðu að kröfum stefnanda um riftun ráðstafana er hafnað og þess að þær fela í sér að 393.000.000 króna var ráðstafað til stefnda verður 1. liður kröfugerðar stefnanda ekki tekinn til greina að öðru leyti en því að í kröfugerð stefnda um sýknu gegn greiðslu á 127.669.019 krónum felst viðurkenning á hluta stefnukrafna sem þeirri fjárhæð nemur og verður stefndi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum eins og krafist er af stefnda en taka verður tillit til þess að innstæður á vörslureikningi stefnanda hjá stefnda bera vexti.

Eftir úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

DÓMSORÐ

Stefndi, Arion banki hf., greiði þrotabúi Samsonar hf. 127.669.019 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá dómSuppsögu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Allan V. Magnússon